

Pési



Lesið þetta

- Auðlindakort af Hrunamanna-hreppi
- Umhverfismál
- Auglýsingar
- Kvenfélagið
- Leikskólinn
- Hjónaball

Næsti Pési kemur út 14. mars. SKÍ á efni er 11. mars.

Efni í þessu blaði:

| | |
|-------------------------|----|
| Forystugrein | 3 |
| Snjór | 9 |
| Mann-fjöldapróun | 12 |
| Karfan | 16 |
| Ólafsvíkuryfir-lýsingin | 19 |
| Smárafréttir | 20 |
| Deildarfundur SS | 25 |

Febrúar 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 213. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Stórátak í umhverfismálum – ný hreinsistöð keypt

Gengið hefur verið frá samningum um kaup á hreinsistöð fyrir frárennsli í þéttbýlinu á Flúðum. Fyrirtækið sem flytur inn stöðina heitir Bólholt á Egilsstöðum. Talsverð reynsla er af þessum hreinsistöðvum á Austurlandi og reyndar víðar. Þegar hreinsistöðin hefur verið tekin í notkun er það mikil bylting fyrir frárennslismál á Flúðum – norðurbærinn mun tengjast við stöðina ásamt nýju iðnaðarhverfi, hverfinu í Sunnuhlíðarlandi og nýja tjaldsvæðinu svo eitthvað sé nefnt. Hreinsistöðin er nánast þriggja þrepa hreinsistöð og er vatnið ótrúlega hreint sem út úr stöðinni kemur áður en það rennur út í Litlu-Laxá.



Sveitarstjórn að störfum

Ljós. Halldór Kolbeins



Frá öskudagsskemmtun Leikskólans Myndin fylgdi greininni frá Leikskólanum

Auðlindakort af Hrunamannahreppi

Hitaveita Flúða og Hrunamannahreppur er fyrst sveitarfélagi á Íslandi til þess að láta vinna fyrir sig auðlindakort. Orkusjóður styrkti þessa framkvæmd með fjárframlögum. Verkefnið fólst í því að kortleggja allan yfirborðsjarðhita, kanna hitaástand svæðisins með því að reikna út berghita fyrir allar borholur sem hér hafa verið boraðar. Einnig var safnað saman upplýsingum og gögnum um efnainnihald heita vatnsins, jarðeðlisfræðilegar mælingar og reynt er að finna tengsl uppstreymis og brotalamu í berggrunninum. Það er deginum ljósar að í hreppnum okkar eru mjög gjöful hitasvæði. Einkum er bent á Flúðasvæðið og Reykjadalssvæðið. Á skipulagðan hátt er safnað saman öllum gögnum um svæðið sem tengjast jarðhita sem náttúruauðlind. Með því fæst aðgengilegt yfirlit um þessar auðlindir og nýtingu þeirra í hreppnum. Þetta auðveldar einnig ráðgjöf til landeigenda og eykur nýtingarmöguleikana á svæðinu á sviði orkuvinnslu. Auðlindakortið kemur að notum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélagið og stofnanir þess. Þá kemur auðlindakrotið sé vel vegna skipulagsvinnu í hreppnum og er ein af höfuðforsendum fyrir góðu skipulagi og framtíðaráætlunum. Skipulag hreppsins er í stöðugri endurnýjun eins og vera ber í lifandi samfélagi. Benda má á að auðlindakortið auðveldar til mikilla muna ákvarðanatöku um frekari jarðvarmanýtingu og er forsenda fyrir atvinnuuppbyggingu í hreppnum. Skýrslan er á algeru lokastigi og af þeim gögnum sem liggja fyrir er ljóst að öflugt lághitakerfi er undir miðjum hreppnum. Miklar líkur eru á að rekja megi jarðhita-kerfið allt inn undir Kerlingafjöll en gögn vantar enn til þess að staðfest þessa kenningu. Lokaniðurstaðan hefur verið of lengi á leiðinni og því miður hafa ÍSOR ekki enn skilað til fullnustu þessari skýrslu þar eð mannekla er hjá stofnuninni en fyrirtæki hafa verið að kaupa vísindamenn sem áður störfuðu hjá ÍSOR, en búast má við að skýrslan verði opinberuð í mars n.k. Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson hafa stýrt þessu starfi. Kristján lagði fram gagnagrunn sem ungir stúdentar unnu með honum árið 1976. Hér er um afar spennandi verkefni að ræða og hefur Hitaveita Flúða og Hrunamannahreppur sótt um rannsóknarleyfi vegna þessa. Veitustjórinn okkar, Hannibal Kjartansson á heiður skilinn fyrir að drífa þetta verkefni áfram

Ísólfur Gylfi Pálmason,

Nýtt íbúðahverfi skipulagt í landi Laxárhliðar

Fyrstu drög að tillögu um íbúðabyggð í landi Laxárhliðar eru á teikni-borðinu og hafa sveitarstjóri og oddviti verið boðaðir á fund hjá Gylfa Guðjónssyni skipulagsarkitekt 20. febrúar n.k. Lítið framboð er á lóðum á Flúðum í augnablikinu þó eru nokkrar lóðir á lausu í Hofatúninu sem brátt er fullbyggt og hugmyndir eru um að ljúka gatnaframkvæmdum þar í ár eða á næsta ári. Einnig er verið að skoða gatnaframkvæmdir í öðrum hverfum þar sem enn er ekki komið varanlegt slitlag á götur. Einnig eru lausar lóðir í Högnastaðaásnum en þar er gert ráð fyrir tveggja hæða hús. Þá eru einnig lausar iðnaðarhúsalóðir, ein garðyrkjulóð og hesthúsalóðir í hesthúsahverfinu.

Límtrésverksmiðjan byggir

Forsvarsmenn BM Vallár hafa hafið viðbyggingu við Límtrésverk-smiðjuna á Flúðum. Með síðustu viðbyggingu og breytingum á verk-smiðjunni hefur starfsmannaaðstaða batnað til muna með glæsilegum matsal, skrifstofum o.fl. Það er ósk og von forsvarsmanna Hrunamannahrepps og reyndar allra íbúa í hreppnum að starfsemi verk-smiðjunnar megi vaxa og dafna. Víst er að framleiðsluvara Límtrés er í rauninni einstök. Þá hafa forsvarsmenn fyrirtækisins sótt um og fengið úthlutaðri einbýlishúsalóð við Suðurhof þar sem þeir og fyrirtækið Hús og stigar ehf. hyggjast reisa hús sem er einskonar þróunarverkefni fyrir fyrirtækið. Það er spennandi að sjá hvað út úr því kemur.

Ný reiðhöll

Undirbúningur nýrrar reiðhallar er í fullum gangi. Búið er að taka fyrstu skóflustunguna með pompi og prakt og birtist mynd af athöfninni í síðasta Pésa. Miklir áhugamenn um hestamennsku og hrossarækt og heiðursfélagar Hestamannafélagsins Smára tóku fyrstu skóflu-stunguna þau Magnús Gunnlaugsson í Miðfelli, hjónin Jóhann Ingólfsdóttir og Haraldur Sveinsson á Hrafnkelsstöðum, Rósmary Þorleifs-dóttir í Geldingaholti og Þorsteinn Vigfússon á Húsatóftum. Hér er um merkilegt samvinnuverkefni að ræða sem Hestamannafélagið Smári stendur fyrir í samvinnu við sveitarfélögin í Skeiða- og Gnúpverja-hreppi og Hrunamannahreppi.

Ólafsvíkuryfirlýsingin staðfest formlega.

Grunnur að Staðardagskrárvinnunni er svokölluð Ólafsvíkuryfirlýsing. Yfirlýsing þessi var samþykkt á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps nú í byrjun febrúar. Umhverfisiráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir staðfesti yfirlýsinguna með formlegum hætti f.h. ráðuneytisins á ársfundi Staðardagskrár 21 í Hveragerði s.l. föstudag en sveitarstjóri Hrunamannahrepps undirritaði samninginn f.h. hreppsins.

Staðardagskrá 21

Þær stöllur Eva Marín Hlynsdóttir, stjórn málafræðingur og bóndi á Hrafnkelsstöðum og Þórunn Andrésdóttir, tölvunarfræðingur og bóndi í Bryðjuholti vinna ötullega ásamt sveitarstjóra að gerð tillagna sem tengjast Staðardagskrá 21. Stefnt er að því að kynna tillögurnar fyrir nefndum sveitarfélagsins í mars, halda almennan borgarafund til kynningar og leggja síðan tillögurnar fyrir sveitarstjórn Hrunamannahrepps. Stefnt er að því, að ljúka þessari vinnu fyrir sumarið. Hér er um mikla vinnu að ræða og ákveðna stefnumótun um sjálfbæra þróun og lýðheilsu. Það er ánægjulegt að nýta krafta þessara öflugra kvenna í verkefni sem þetta. Í gegnum árin hefur Tómas Þórir Jónsson, verktaki, verið afar áhugasamur um þennan málaflokk og duglegur að sækja ársfundi sem tengjast staðardagskránni sem fulltrúi Hrunamannahrepps.

Snakk gúrkur slá í gegn!

Allaf eru að bætast við nýjar tegundir í ræktun og framleiðslu hjá garðyrkjubændum hér í Hrunamannahreppi. Nýjasta afurðin fellur í góðan jarðveg en það er snakkgúrkur sem framleidd er hjá Reyni Jónssyni og Sólveigu Sigfúsdóttur garðyrkjubændum í Götu. Þau eru sjálfstæðir söluaðilar og selja ekki í gegnum Sölufélag Garðyrkjumanna eins og flestir garðyrkjubændur hér um slóðir. Þau framleiða undir merki Garðyrkjustöðvarinnar Reykás. Snakkgúrkurnar eru fullar af vítamínum eins og vera ber. Því var laumað að ritstjóra Pésans og er meðal leyndarmála, sem eru að opinberast en hafa ekki verið staðfest enn af vísindamönnum, að neysla þeirra komi jafnvel í veg fyrir timburmenn sé þeirra neytt samhliða þeim fljótandi efnum sem oft leiða af sér slæman höfuðverk að morgni. Við seljum þessi vísindi ekki dýrara en við keyptum en kenningin er athyglisverð.

Frábær áhugaljósmyndari úr Hreppnum

Ásta Sif Árnadóttir sem er dóttir Margrétar Harðardóttur á Flúðum er mikill áhugamaður um ljósmyndun. Myndir hennar eru einstaklega listrænar og flottar svo notað sé ungmennamál. Myndir eftir Ástu Sif hafa birst í árbók áhugaljósmyndara sem nefnist Ljósár. Nálágast má myndirnar sem sýna það og sanna að Ásta Sif er að gera hluti sem tekið er eftir. Slóðin er <http://www.flickr.com/photos/astasif/>. Það eru listræn gen í Ástu Sif eins og móður hennar Margréti og móðurbróður Torfa sem er annálaður m.a. fyrir fallegar hestamyndir sem hann málar. Það er alltaf ánægjulegt þegar ungt fólk er að feta sig áfram hvort heldur er á listasviðinu eða á öðrum áhugasviðum. Á bls.31 er mynd eftir Ástu og ef til vill kannast einhverjir við viðfangsefni hennar á þeirri mynd..

Toppa á Toppnum

Það er gaman að fylgjast með framförum í landbúnaði hér í sveitinni og víðar. Í sveitarfélaginu er mikið af framsæknum bændum á fjölmörgum sviðum. Enn blossar upp umræða meðal mjólkurframleiðanda hvort ekki skuli gera tilraunir með annað kúakyn – og eru nútímafjósín hönnuð með tilliti til þess að kýrnar geti stækkað. Fjórða nythæsta kú landsins kemur úr Hrunamannahreppi. Þetta er kýrin Toppa frá Kotlaugum en eigendur þessa kostagrips eru Sigrún Einarsdóttir og Sigurjón Sigurðsson. Toppa mjólkaði 11.434 kg á ári. Kórfélagar Sigurjóns telja að þessa mikla nyt stafi af því að Sigurjón syngur fyrir kýrnar bæði kvölds og morgna – aðrir telja að hún myndi mjólk enn meira

Flutningur Litlu-Laxár

Ekki hefur enn verið hafist handa við að færa Litlu- Laxá úr stað til landvinninga og til þess að koma í veg fyrir landrof sem af rennsli hennar hefur hlotist. Gylfi Júlíusson sem lengi var verkstjóri Vegagerðarinnar í Vík og nú starfsmaður Landgræðslunnar hefur gert tillögur um flutning árinna og uppbyggingu varnargarðs. Þá hefur Helgi Jóhannesson verkfræðingur hjá Vegagerðinni einnig fengið gögn til þess að vinna út frá. Landgræðsla ríkisins tekur þátt í kostnaði vegna þessa.

Reglur um hunda og kattahald í Hrunamannahreppi

Um nokkurt skeið hefur mikið verið kvartað yfir lausum hundum og köttum í þéttbýlinu á Flúðum. Svo rammt hefur kveðið að þessu að lausir hundar hafa fælt hross sem hestamenn eru að temja og þeir hafa líka sótt í sorppoka hjá íbúunum. Kettir hafa verið að hoppa inn um opna glugga og flatmaga jafnvel í rúmum fólks, íbúum og gestum þeirra til lítillar ánægju og jafnvel til mikils ama. Allir hafa skilning á því að ánægjulegt sé að halda gæludýr, hins vegar mega þau ekki plaga það fólk sem ekki eru eigendur þeirra og vilja vera lausir við ágang þeirra. Á síðasta hreppsnefndarfundi var til fyrri umræðu samþykktir um hunda- og kattahald í hreppnum og gjaldskrá þar að lútandi. Mjög margir eigendur hunda- og katta passa vel upp á dýrin aðrir eru kærulausir og munu þeir þurfa að greiða sektir ef dýr þeirra verða handsömuð eða jafnvel missa leyfið verði um síendurtekin brot að ræða. S.k.v. lögreglusamþykktum eru hundar og kettir sem bíta fólk rétt-dræpir.

Lofti er margt til lista lagt

Gamla oddvitanum okkar og sveitarstjóra, Lofti Þorsteinssyni er margt til lista lagt. Hann er einn flinkasti kjötreykingamaður hreppsins. Ónefndur maður sem smakkaði á hangikjötinu sem Loftur verkaði orti:

Haukholtsbóndann ég mikils met
og mun það í dagbók letra
að hann kann að verka hangiket
svo hvergi fæst það betra.

Vitað er að Berglind dóttir Lofts og Hönnu er á góðri leið með að verða listakokkur og nú er bara spurningin hvort hún sækir snilldina til föður síns eða móður? Líklega til beggja því Hanna eldar matinn í karlana hjá Límtré af snilld og virðast þeir þrífast býsna vel. Nú hefur nýlega verið opnað eldhús í Reykjavík þar sem listakokkar æfa sig fyrir Boucuse d'or matreiðslukeppnina frægu í Lyon í Frakklandi. Vonandi á Berglind eftir að keppa í þeirri keppni. Engir eru betri að kynna íslenska landbúnaðarvöru en íslenskir matreiðslumenn.

Frárennslisframkvæmdir

Fráveituf framkvæmdum miðar hægt áfram þessa dagana enda hefur veður verið með eindæmum óhagstætt. Á síðasta verkfundi var talað um að þegar veður og aðstæður leyfa sé u.þ.b. hálfur mánuður eftir í vinnu og frágangi. Þessar framkvæmdir eru kostnaðarsamar en nauðsýnlegar fyrir framtíð samfélagsins – hins vegar hefur oft verið rætt um það að skemmtilegra hefði verið að byggja nýja sundlaug eða nýja álmu við skólann, en það verður að bíða betri tíma þó þar sé einnig um nauðsýnlegar framkvæmdir að ræða. Umhverfisráðuneytið tekur þátt í kostnaði vegna þessara framkvæmda.

Þorablót Kvenfélagsins tókst vel

Hin snjalla hugmynd kvenfélagskvenna að efna til þorablóts í Hrunamannahreppi féll í góðan jarðveg. Hátt í tvö hundurð manns mættu með þorratrog sem ýmsir hagleiksmenn höfðu smíðað, þar á meðal völungar í Límtrésverksmiðjunni á Flúðum. Á bökkunum kenndi margra grasa – eins og reyndar í skemmtiatriðum. Bjarna Harðarsyni, alþingismanni voru færðar forláta nærbuxur með frumlegri útfærslu, hann flutti minni kvenna og minni karla flutti Margrét Guðmundsdóttir, íslenskufræðingur frá Sunnuhlíð sem fór á miklum kostum svo miklum að þingmaðurinn átti í vök að verjast og kallar hann nú ekki allt ömmu sína í þessum efnunum.

Hjónaball í undirbúningi

Í framhaldi af þessu þorablótstali má geta þess að Hjónaballsnefnd er á fulli við undirbúning hjónaballsins sem er aðalsamkoman hér í sveit. Nefndin hefur fest kaup á hljóðnemum sem komið hefur verið fyrir ofan við leiksviðið í Félagsheimilinu þannig að nú er vonast til að hvert orð heyrast sem þar verður flutt. Hjónaballið verður laugardaginn 8. mars n.k. Fyrir þá sem vilja komast í gott form fyrir ballið má benda á að nóg pláss er í þreksalnum í íþróttahúsinu og enn komast fleiri fyrir í sundlauginni. Það er gott fyrir alla að koma sér í form fyrir hjónaballið svo ekki sé talað um vorið sem er á næsta leiti. Þá er ekki amalegt að taka dansspor á nýlökkuðu salargólfinu í Félagsheimilinu en þar mundaði Harri Kjartansson lakkrúlluna og slípirokkinn af mikilli snilld eins og honum er einum lagið.

Gatnagerðargjöld

Þeir aðilar sem enn hafa ekki greitt eða samið um greiðslur fyrir gatnagerðargjöld eru hvattir til þess að gera það sem allra fyrst. Eins eru þeir sem sótt hafa um lóðir og ekki greitt staðfestingagjald hvattir til hins sama. Gatnagerðargjöld þurfa engum að koma á óvart því þau eru í rauninni hluti af byggingarkostnaði hverrar eignar í þéttbýli.

Snjór og snjómokstur

Það er orðið langt síðan jafnmikill snjór hefur fallið hér á stuttum tíma. Verktakar hafa átt fullt í fangi með að moka og það hefur auðvitað áhrif á útgjöld sveitarsjóðs eins og lög gera ráð fyrir. Reynt hefur verið eftir föngum að hreinsa snjó af vegum og afleggjurum. Einnig eru fjölmargir sem moka sjálfir ákveðna spotta til þess að komast ferða sinna. Fyrir það erum við þakklát því óneitanlega er erfitt að verða við öllum þeim óskum sem koma á örskotsstundu þegar snjórinn fellur í stríðum straumi til jarðar.

Lýsing í sundlauginni

Oft hefur verið kvartað yfir því að ekki sé næg lýsing í sundlauginni yfir svartasta skammdegið. Nú hafa Hannibal Kjartansson og félagar bætt úr því, komið hefur verið fyrir tveimur veglegum ljósum við enda sundlaugarinnar. Gamansamur sundlaugargestur hefur haft orð á því að ef menn eru duglegir að synda fram hjá nýju ljósunum slái þeir tvær flugur í sama höggi. Annars vegar að styrkja sig í sundinu og hins vegar að fá á sig lit sem fólk sækir t.d. til Kanaríeyja um þetta leyti árs. Þá hafa orðið mannaskipti í sundlauginni Anne Nie Niiuchi Nilsen hefur látið af störfum og hefur Þóra Úlfsdóttir tekið við starfi hennar en Þóra hefur verið í afleysingum í sundlauginni um nokkurn tíma. Anne eru þökkuð störf í lauginni og Þóra boðin velkomin til starfa. Undanfarna daga hefur verið svolítið dræm aðsókn að lauginni og er ástæða til þess að hvetja fólk til dáða í líkamsræktinni því fátt er betra í þeim efnum en að synda.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Álagning fasteignagjalda

Skrifstofustjórinn okkar hún Svanhildur Pétursdóttir hefur verið í óða önn að leggja fasteignagjöld á eignir í Hrunamannahreppi. Allar upplýsingar um verðmæti eigna koma frá Fasteignamati ríkisins og síðan ákveður hreppsnefnd álagningarprósentu og þjónustugjöld. Fasteignagjöld eru einn af aðaltekjustofnum sveitarfélagsins. Eins og stundum vill verða komu upp “tæknilegir örðugleikar” í samlestri gagna milli Tölvumiðlunar og Kaupþings banka, sem vonandi verður leyst þegar Pésinn kemur út.

Guðmundur húsvörður kvaddur með viðhöfn

Á þorablóti Kvenfélagsins var Guðmundur Karl húsvörður í Félagsheimilinu kvaddur með viðhöfn. Kvenfélagskonurnar færðu Guðmundi fallett málverk eftir Grétu Gísladóttur frá Reykholti en myndin nefnist þakklæti og er hin fegursta. Guðmundur vill koma á framfæri þakklæti til kvenfélagskvenna fyrir þessa höfðinglegu gjöf og einnig til allra þeirra sem hann hefur haft samskipti við sem húsvörður og hefur haft mikla ánægju af að starfa með. Guðmundi eru þökk góð störf og nýr húsvörður Stefán Arngrímsson boðinn velkominn til starfa. Báðir eiga þeir karlarnir það sameiginlegt að vera gamlir skipherrar og hugsa báðir um Félagsheimilið eins og góðan skuttogara, sem alltaf þarf að vera klár til sjóferða.

Sveitarstjórinn kennir samfélagsfræði

Sú skemmtilega hefð hefur myndast að fá sveitarstjórnann til þess að kenna samfélagsfræði í Flúðaskóla á ári hverju. Sveitarstjórinn hefur mikla ánægju af þessu enda gamall kennari. Það er gaman að fá að heyra viðhorf unga fólksins í Flúðaskóla til lífsins og tilverunnar og hvaða mál brenna á þeim. Það sem er skemmtilegast við að vera kennari er að það heldur fólki ungu í anda. Það er spennandi að umgangast ungt og sprækt fólk sem á lífið framundan. Um mikla fyrirmyndarnemendur var að ræða sem voru afar áhugasöm um málefni sveitarfélaganna, þjóðmálin, forsetakjör í Bandaríkjunum o.m.fl

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Stofnun landgræðslufélags

Boðað er til fundar í Félagsheimili Hrunamannahrepps mánudagskvöldið 24. febrúar n.k. kl. 20.00. Þar stendur til að stofna Landgræðslufélag Hrunamannahrepps sem hefur það að markmiði að græða upp land o.fl. Sigurður H. Magnússon mætir á fundinn en hann er einn af hvatamönnum um stofnun þessa félags. Varðandi styrki til uppgræðslustarfs er mun eðlilegra að um sérstakt félag sé að ræða. Hrunamenn eru hvattir til þess að fjölmenna á fundinn. Hér er um spennandi verkefni að ræða og mikið framtíðarmál.

Skúli sýnir í Árskógi

Á síðasta ári birtum við myndir af Skúla Gunnlaugssyni í Pésanum þar sem hann hélt málverkasýningu um leið og hann hélt uppá áttæðisafmæli sitt ásamt sinni góðu konu og fjölskyldu. Skúli hefur málað myndir í um tíu ára skeið og nú sýnir hann myndir sínar í félagheimili eldri borgara í Árskógi í Breiðholti í Reykjavík. Fólk er hvatt til þess að skoða myndir Skúla sem eru af ýmsum toga. Starf eldri borgara hér í hreppnum er kröftugt og skemmtilegt m.a. fóru eldri borgarar í menningarreisnu til Reykjavíkur um síðustu helgi og nú stendur til að halda góugleði 28. febrúar n.k.

Hryssan á sundnámskeiði

Nútíminn birtist okkur í fjölmörgum skemmtilegum myndum. Við skrifum oftar um garðyrkju og hefðbundinn landbúnað en hrossarækt sem svo sannarlega er landbúnaður líka. Kostagripurinn, hryssan Elding frá Haukholtum sem er í þeirra bræðra Magnúsar og Þorsteins Lofssona, lagði land undir fót í vetur og var send í þjálfun hjá Daníel Jónssyni Pulu Þaðan fór hún á sundnámskeið í Ásmúla og undi hag sínum vel í Rangárþingi. Hryssan verður m.a. sýnd á Landsmóti Hestamanna á Gaddstaðaflötum og þar verður væntanlega líka Tenór frá Túnsbergi sem er í eigu Möggu Brynjólfsdóttur og Gunnars Eiríkssonar. Tenór hefur verið í æfingabúðum hjá Erlingi Erlingssyni í Langholti. Það verður fróðlegt að fylgjast með þessum gæðingum í framtíðinni.

Menningarfulltrúi til viðtals

Dórothee Lubecki menningarfulltrúi Suðurlands ætlar að vera hér til skrafs og ráðagerðar á Skrifstofu Hrunamannahrepps fimmtudaginn 21. febrúar n.k. frá kl 14.00-15.30. Allir þeir sem eru að velta fyrir sér að fá styrki til einstaka menningarverkefna hér í sveitinni eru hvattir til þess að hitta Dórothee hún er boðin og búin til þess að leiðbeina fólki og félagasamtökum í þessum efnun.

Mannfjöldapróun í Hrunamannahreppi frá 1995 til 2007.

Íbúum í hreppnum okkar er að fjölga. Samfélagið er einnig að breytast. Um 11% íbúa hreppsins eru af erlendu bergi brotnir. Þess vegna eigum við að kappkosta að stuðla að því að fólk af erlendu þjóðerni læri íslensku sem er lykillinn að því að þeir aðlagist að íslenskum aðstæðum. Útlendingarnir auðga mannlífið og er gaman er að fylgjast með unga fólkinu á leikskólanum þar sem íslenskan vefst ekki fyrir ungiðinu. Til fróðleiks um mannfjöldapróun í Hrunamannahreppi setjum við upp lista um mannfjöldapróun í hreppnum frá árinu 1995 til ársins 2007.

661,667,694,704,726,726,745,747,731,754,767,786,794.

Spennandi hugmyndir um Hverhólmann!

Björn Kjartansson frá Hvammi núverandi eigandi garðyrkjubýlisins Garðs er með skemmtilegar hugmyndir um endurbyggingu gamla sundastaðarins við Hverhólma og byggja þar upp baðaðstöðu og afþreyingu fyrir ferðamenn og íbúa hreppsins. Hann hefur lagt fram drög að leigusamningi um svæðið, en landið er í eigu einstaklinga og sveitarfélagsins. Björn vinnur um þessar mundir hjá Verkakafyrirtækinu Ístaki á Grænlandi.

Umsjónarmaður sundlaugar

Else Nielsen, sem hefur verið umsjónarmaður sundlaugarinnar af dagnaði og festu, hefur sagt starfi sínu lausu, frá og með 10 maí n.k. Hér með auglýsum við eftir umsjónarmanni við sundlaugina sem jafnframt er starfsmaður og skipuleggur vaktir og sér um að allt sé í lagi í laginni. Upplýsingar um starfið gefur sveitarstjóri.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá

Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-
hreppur

Með von um gott samstarf Starfsfólk Flúðaleiðar

Þakkir til Kvenfélagsins

Þegar ég hafði verið á þorablóti Kvenfélagsins 1.febrúar sl.,er mér í mun að þakka þeim kvenfélagskonum,sem stóðu að þessari glæsilegu veislu.Sem gerð var af svo miklum myndarskap,natni og ekki síst af “gleði” það fann maður svo vel,allt svo notalegt,allir fundu sig velkomna. Ekki sáust þreytu-merki á þeim sem undirbjuggu salinn og auðvitað allt sem þarf til að uppá-koma sem þessi takist.Salurinn var sérstaklega fallegur.Fyrir okkur sem komu inn og þurftu ekki annað en að setjast í afmarkað sæti sem var fyrir-hafnarlaust og notalegt, þó hvarflaði að gamalli kvenfélagskonu og þóttist vita að nokkur fyrirhöfn hafi fylgt því að koma öllu heim og saman– sem saman þurfti að vera.

Það var nú svo að nokkur lægð hafði verið í félaginu um tíma.En þessar dugnaðar konur,sem skapa forystuna eiga sannarlega bestu þakkir, að skaða svo gott andrúmsloft og gera Kvenfélag Hrunamannahrepps aftur að því forystufélagi, sem það hefur verið.

Og gegnt þessu félagslega hlutverki,sem samþykkt var í byrjun.Það hefur mörgu góðu komið áleiðis í tímans rás.

Elskulegu kvenfélagskonur, ég dáist að ykkur og bið alla góða vætti í drottins nafni að styðja ykkur og vernda.

Katrín

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Hrunaprestakall Helgihaldið framundan

17. febrúar

Barnastarf í Hruna kl. 11

Messa í Hruna kl.14

24. febrúar

Barnastarf í Hruna kl.11

Kyrrðarstund í Hreppólum kl.20:30

2. mars

Fjölskyldumessa í Hreppólum kl. 11:00

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Fyrsta úthlutun úr Freyjusjóði.

Það er okkur kvenfélagskonum mikið ánægjuefni að geta stutt við bakið á ungum konum sem á einhvern hátt sýna framfarir, hjálpssemi, fórn-fýsi, uppbyggjandi starf fyrir samfélagið og/eða ágætan árangur á einhvern hátt. Með stofnun Freyjusjóðs er okkur þannig kleift að styðja ungar konur úr okkar samfélagi og hvetja þær áfram til dáða og góðra verka.

Fyrsta úthlutun sjóðsins var nú í lok janúar. Nokkrar umsóknir bárust og var samkomulag stjórnar sjóðsins um að þessa fyrstu úthlutun okkar hlyti Guðrún Guðjónsdóttir frá Melum. Hún stundar nú nám við Istituto Europeo di Design í Mílanó á Ítalíu þar sem hún nemur tísku og textílhönnun. Þetta er þriggja ára nám og er hún nú á lokaári. Í stuttu máli hefur Guðrún hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir árangur sinn allt frá því hún stundaði nám í Iðnskólanum í Reykjavík en þaðan útskrifaðist hún með láði sem klæðskeri. Þar hlaut hún verðlaun fyrir næstbesta árangur yfir allan skólann. Í Mílanó hefur hún tekið þátt í margskonar verkefnum og keppnum og allsstaðar getið sér góðan orðstír og jafnframt unnið til verðlauna.

Það er okkur mikill heiður og ánægja að geta lagt okkar af mörkum til að Guðrún geti stundað námið áfram af kappi og elju og hlökkum við til að fá að fylgjast með henni og hennar verkum í framtíðinni. Við óskum henni og fjölskyldu hennar til hamingju og óskum henni alls hins besta.

Næsta úthlutun sjóðsins fer fram í janúar 2009 og hvetjum við ungar konur á aldrinum 16-25 ára til að sækja um. Nánar auglýst þegar þar að kemur en einnig eru nánari upplýsingar um Freyjusjóð inni á heimasíðu sveitarfélagsins; www.fludir.is

Þorrablót Kvenfélags Hrunamannahrepps 2008.

Skemmtifunda- og fjáröflunarnefnd ásamt stjórn og varastjórn Kvenfélagsins vilja koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í þorrablótinu 1. febrúar síðastliðinn. Samkoman tókst vel og hafa góðar óskir og þakklæti sem okkur hafa borist, orðið okkur mikil hvatning og nú standa að okkur öll spjót um að endurtaka leikinn að ári. Allur ágóði af þorrablótinu mun renna til góðgerðarmála en nánar verður fjallað um það í næsta Pésa.

Framundan í mars.

Aðalfundur – nánar auglýst síðar.

Styrkir afhentir – nánar auglýst síðar.

Með kveðju og þakklæti.
Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Fréttir úr körfunni

Æfingar eru nú í fullum gangi og krakkarnir eru að komast í gott form eftir jólafríð. 3. umferð á Íslandsmeistaramóti er að byrja af fullum krafti og standa krakkarnir okkar sig vel að vanda. Körfuboltadeildin stóð fyrir bingói í nóvember þar fengum við frábæra aðstoð foreldrum en þær Adda Sigga og Ingibjörg Steindórsdóttir tóku þátt í því að safna vinningum. Fjölmargir gáfu vinninga og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Hitaveita Flúða styrkti okkur við kaup á aðalvinningi kvöldsins en það var glæsilegt Moongoose fjallahjól. Aðrir sem gáfu vinninga eru: Öbyggðaferðir ehf, Eimskip, Hótel Þórshamar í Vestmannaeyjum, Víóla snyrtistofa, Hótel Flúðir, Hótel Geysir, Kaffi Grund, Karl úrsmiður, Björn rakari, Hrói höttur, Pizzavagninn, Byko, Menam, Húsasmiðjan, Hrunamannahreppur, Verslunin Strax, Veiðisafnið á Stokkseyri, Henson og Sportis. Vonum við að enginn hafi gleymst í þessari upptalningu.

Alltaf er ánægjulegt þegar einstaklingar og fyrirtæki vilja styrkja okkar starf en fyrirtækið Hagleiksmenn gaf á dögnum körfuknattleiksdeildinni 8 keppnisbolta af bestu gerð. Við þökkum Báru og Hauki á Kílhrauni kærlega fyrir þessa gjöf sem kemur virkilega að góðum notum.

Pann 30. des vorum við með okkar árlegu firmakeppni þar sem margir skemmtu sér konunglega. Í minnibolta kvenna stóð lið *Kotlaugarbúsins* efst en í því voru Karen, Sólveig, Margrét og Hildur. Í minnibolta karla var lið *Foss ehf* í efsta sæti í því léku Björgvin Viðar, Jóhann, Guðjón, Kjartan og Orri. Í kvennaflokki voru tvö lið sem deildu með sér sigrinum en það voru lið *Flúðaskóla*, þær Ragnheiður, Freyja, Eva og Hafdís, og lið *Kaupþings* með Brynhildi, Hörpu, Ingibjörgu og Sonju innanborðs. Í karlaflokki var baráttan hörð sem fyrr, en svo fór að lokum að lið *Gunnbjarnarholts* hampaði sigri. Í sigurliðinu voru þeir, Árni, Bragi, Héðinn, Hjálmar, Sigurbjörn og Sigurjón. Fyrirtækin sem styrktu keppnina voru Plastsuða, Foss ehf, Kaffi Sel, Fjallaraf .Heimir málari, Skipholtsbúið, Hrepphólabúið, Ragnar Birtingaholti, Gunnbjarnarholt, Sauðfjárabúið Syðra-Langholti, Unnsteinn Hermannsson, Búgarðurinn Laugar, Garðyrkjust. Flúðasel, Gróður Hverabakka, Íslenskt Grænmeti ehf, Berghylsbúið, Árvirkinn, Flúðaskóli, Fossraf, Hrunamannahreppur, Kaupþing, Íþróttahúsið Flúðum, Húsasmiðjan, Flúðafiskur, Bjarkahlíð, Harri Kjartansson, Högnastaðabúið, Sundlaugin Flúðum, Útlaginn, Úlfar Harðarsson, Foss-stál ehf, Berghylsbúið, Fjósabúið Túnsberg, Flúðaleið ehf, SR grænmeti, Ásatúnsvöllur, Gröfutækni, Hótel Flúðir, Skúli pípari, Jóhannes Sigmundsson, Kotlaugar, Haukholt 1 Maggi og Steini, Bryðjuholtsbúið og B. Sverrisson ehf. Okkur þætti afar vænt um að þeir aðilar sem eiga eftir að greiða sitt firma gerðu það sem fyrst. Í lokin verðum við að minnast á buffin okkar, en körfuboltadeildin stóð fyrir því að gerð yrðu buff með merki Hrunamanna og eru þau til sölu hjá Hjálmarí húsverði í íþróttahúsinu.

Með körfuboltakveðju

Stjórnin

Menningarráð Suðurlands auglýsir viðveru menningarfulltrúa í Hrunamannahreppi vegna úthlutunar á menningarstyrkjum vorið 2008

Viðtalstímar menningarfulltrúa, Dorothee Lubecki er á fimmtudaginn 21. febrúar kl. 14:00-15:30

á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðir

Einnig er hægt að hafa samband í síma 480-8207 / 896-7511 eða með netpósti: menning@sudurland.is

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 15:30-21:00

Föstudaga: 13:00-20:00

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími.

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM
ÁRNESÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf., Skútu-
vogi 8. sími: 581-3030. Mánudaga til föstudaga kl.
13:00, . Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán

Nefndarskipan 2008



Æskulýðsnefnd

Kolbrún Haraldsdóttir Flúðum
Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ
Lilja Helgadóttir Flúðum
Einar Logi Sigurgeirsson Miðfelli
Maja Roldsgard Flúðum

Fjáröflunarnefnd

Kristbjörg Kristinsdóttir Jaðri
Svanhildur Pétursdóttir Flúðum
Haukur Haraldsson Stóru Mástungu
Anne Nielsen Flúðum
Árni Hjaltason Galtafelli

Fræðslunefnd

Hermann Þ Karlsson Efri Brúnavöllum
Erna Óðinsdóttir Flúðum
Guðni Árnason Brúnum

Útreiðanefnd

Tryggvi Steinarsson Hlíð
Gunnar Egilsson Árbæ

Mótanefnd

Bára Másdóttir Birnustöðum
Ragnar Sölvi Geirsson Efra Langholti
Sigurður Sigurjónsson Kotlaugum
Lilja Loftsdóttir Brúnum
Hjálmur Pétursson Borgarási

Vallarstjóri

Hjálmar Gunnarsson Flúðum



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Ólafsvíkuryfirlýsingin

Yfirlýsing um framlag Íslenskra sveitarfélaga til sjálfbærnar þróunar

Við, íslensk sveitarfélög, viljum leggja okkar af mörkum til sjálfbærnar þróunar og gerumst því aðilar að þessari yfirlýsingu.

1. grein

Markmið okkar eru:

1. Sjálfbær þróun sem tryggir lífsgrundvall og lífsgæði jafnt fyrir núverandi og komandi kynslóðir
2. Að auka fjárfestingu í heimabyggingu okkar séu innan þeirra marka sem náttúran þolir, jafnt hnatrænt sem heimaeyrir.

2. grein

Forsendur okkar eru

1. Skilaboð heimsreiðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992 til sveitarstjórna um að hafa áhrif á íbúa, samtök og atvinnulíf með staðbundnum framkvæmdaætlunum um sjálfbæra þróun (Staðardagskrá 21)
2. Að sveitarstjórnir eigi að bera ábyrgð á að virkja íbúana í þessu starfi og tryggja þannig þjáttöku þeirra og aðild að ákvarðanatökum
3. Að sérhæfð samfélög gegni lykildutverki í að gera sjálfbæra þróun að veruleika og að umhverfis- og þróunarmálum sé best fyrir komið með þjáttöku þeirra sem eiga þeirna lagsmuna að gera
4. Að skilaboðin frá Ríó verði til þess að efla lýðræði í íslenskum byggðum

3. grein

Við munum:

1. Ganga út frá því að starf að sjálfbærri þróun sé á ábyrgð allra greina samfélagsins
2. Virkja íbúa, félagsamtök og aðila atvinnulífsins til öflugrar þjáttöku í verkefnum sem tengjast Staðardagskrá 21 og hvetja til fræðslu, skoðanaskipta og samstarfs um þessi mál innan sveitarfélagsins
3. Byggja starf okkar að sjálfbærri þróun á langtímaáætlunum, heildarsýn, kerfisbundnum vinnubrögðum og stöðugum úrbótum
4. Hafa markmiðin um sjálfbæra þróun að leiðarljósi við gerð skipulagsáætla, sem og við aðra ákvarðanatök um málefni sveitarfélagsins
5. Nona greinar lykildutverki eða önnur slík tækni til að fylgjast skipulega með starfi heimabyggingaþingará að sjálfbærri þróun
6. Vinna að opnum skoðanaskiptum og samstarfi milli sveitarfélaga, og við yfirvöld á landsvisu til að tryggja samhengi á milli staðbundinna, svæðisbundinna, þjóðlegra og alþjóðlegra áætla í anda sjálfbærar þróunar

4. grein

Við viljum sérstaklega leitast við að:

1. Auka meðvitund um nauðsyn þess að taka tillit til umhverfisins í allri framleiðslu, þjónustu og neyslu
2. Skýra hvað hringrásarhluturinn ferir í sér fyrir heimabyggingu og stuðla að umhverfum þar að leitandi
3. Bæta orkusýningu og vinna að því að skipta úr jarðfræðisneysi yfir í endurnýjanlega orkuskipti
4. Tryggja staðbundna aðildandiþróun, sem í sear verndar líffræðilega fjölbreytni og skapa grunn fyrir líffræðilega heimabyggingu
5. Gera sýnilegt sambandi milli heilbrigðs umhverfis og vellíðunar mannsins
6. Finna leiðir til að boga eitru afbótum þannig að við séum í fararbroddi í sjálfbærri aðildandiþróun og mánkandi umhverfisálagi
7. Gefa umhverfisstarfina hnatrænt yfirbragð með samstarfi við fólk frá öðrum löndum og menningarsvæðum
8. Umgangast menningarmáttur sem hluta af sjálfsmynd okkar

5. grein

Við hvetjum:

1. Stjórnvöld og samtök á landsvisu til samstarfs á þessum grundvelli
2. Önnur sveitarfélög til að gerast aðilar að þessari yfirlýsingu

Hreppsnæfnd Hrunamannahrepps samþykkti
Ólafsvíkuryfirlýsinguina 6. febrúar 2008

Samþykkt nr. 50

F.h. Hrunamannahrepps

Þetta staðfestist hér með

Þórunn Sveinbjarnardóttir
umhverfisráðgjafi

Smárafréttir



Ágætu félagar.

Aðalfundur félagsins var haldinn 27 jan og var mæting sæmileg miðað við undanfarinn ár. Gerð var grein fyrir framkvæmdum við reiðhöllina en eins og staðan er núna þá liggja framkvæmdir niðri vegna veðurs og snjóa en það stendur til bóta þar sem spáð er þýðu. Fræðslumál voru líka rædd og er ýmislegt á döfinni þar. Til stendur að fá Gunnlaug Antonsson ráðnaut til að halda erindi þann 25 febrúar í Brautarholti (nánar auglýst síðar) einnig stendur til að halda járnanganámskeið og fá dýralækna til fundar um hin ýmsu mál sem tengjast hestamennskunni. Reiðnámskeið verða einnig haldin í vetur bæði fyrir börn og fullorðna.

Nú fer að líða að fyrsta vetrarmótinu sem áætlað er að halda á Flúðum þann 23 febrúar vonandi verður góð þátttaka þrátt fyrir að ekki hafi viðrað vel til útreiða undanfarið.

Vert er að minnast hér á heimasíðu félagsins (www.smari.is) sem er nánast kominn í gagnið og verður þar auglýst það sem verður á döfinni hjá félaginu en einnig er gert ráð fyrir að hægt verði að senda greinar til birtingar.

Birting aðsendra greina er ekki alveg kominn í gagnið en verður fljótlega.

Nú er Landsmót framundan og verður úrtaka með sama sniði og áður þ.e. á Gaddstaðaflofum með öðrum félögum á suðurlandi en ekki er kominn nánari tímasetning.

Við auglýsum eftir einhverjum til að vera fulltrúi Smára á HSK þingi í Þorlákshöfn 23. feb. kl 10. Formaður fer sjálfur og vantar fulltrúa með sér.

Stjórnin

Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Verðskrá 30 mín. = 100,- kr.

Lánstími bóka eru 30 dagar.

Netfang: bokasafn@fludir.is

Sími: 486 6708

Velkomin á bókasafnið **J**

Frá Umhverfis- og samgöngunefnd Hrunamannahrepps:

Kæru sveitungar.

Umhverfis- og samgöngumál eru mál sem skipta okkur öll máli. Við búum á svæði sem hefur matvælaframleiðslu að aðalatvinnugrein og því er áriðandi að ásýnd okkar sé góð. Þegar keyrt er í gegnum sveitina á fólk að fá það á tilfinninguna að mjólkinn, grænmetið, kjötið og önnur matvæli sem við framleiðum séu fyrsta flokks.

Á fyrsta fundi ársins kom fram sú hugmynd hjá nefndinni, að leita eftir skoðunum fólks í sveitinni um umhverfis- og samgöngumál. Úr varð, að fá netfang, þar sem fólk gæti sent inn sínar skoðanir og hugmyndir. Það sem fer inn á þetta netfang er eingöngu lesið af nefndarmönnum. Nefndin mun síðan reyna að fylgja eftir hugmyndum fólks til sveitarstjórnar og Vegagerðar. Er það von okkar að fólk nýti sér þennan vettvang og sendi tölvupóst á umhverfi@fludir.is. Hvað liggur ykkur mest á hjarta í snjó og ófærð? Ef vel tekst til ætti að geta komið heilmikið efni í nokkurs konar hugmyndabanka, til að vinna úr.

Með von um jákvæð og góð viðbrögð.

Gunnlaugur Magnússon
Magga S. Brynjólfsdóttir
Þórunn Andrésdóttir

Stikkorð:

Viljið þið hafa áhrif á umhverfismál?

Hafið þið tillögur um hvernig bæta má umferðaröryggi?

Hafið þið tilnefningar til umhverfisverðlauna?

Endilega komið skoðunum ykkar á framfæri á netfanginu

umhverfi@fludir.is.

Á gámasvæðið í framtíðinni að vera þar sem það er í dag?

Canon S400
litaprentari til sölu
Sími 899 6616



Hár-Hrun

Klippa í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Þrátt fyrir umhleyplingar í veðrinu og stjórn máluðum höldum við okkar striki hér í leikskólanum. Börnin kæra sig kollótt um pólitíkina en eru hæst ánægð með þennan snjó sem býður upp á ótal tækifæri í leik og starfi.

Í janúar bar Karladaginn hæst, börnin buðu feðrum sínum, öfum eða frændum að koma í heimsókn í leikskólann og taka þátt í ævintýrum leikskólans. Mikill undirbúningur og umræður sköpuðust í barnahópnum hvernig og hvað ætti að gera þennan dag. Börnin útbjuggu boðskort til að senda heim og blóm til að færa sínum karli þegar hann mætti á þennan frábæra Karladag. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir sáu sér fært að mæta og taka þátt. Nú er unnið að undirbúningi fyrir Kerlingadaginn sem verður 21. febrúar. Karla- og Kerlingadaga höldum við í nánd við Bóna- og Konudaginn.

Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur stormuðu óvenju snemma inn í okkar líf þetta árið og var að vanda vel fagnað. Við bolluátið skörtuðu fallegu barnsandlitin rjóma, sultu og súkkulaði út undir eyru. Sprengjudagurinn finnst þeim skríttinn “Saltkjöt og baunir túkall”. En hvar eru þessar baunir? spurði einn lítill kútur þegar búíð var að leggja á borðið og fannst það skríttin röksemdafærsla að þær væru í súpunni. Öskudagurinn er samt sá dagur sem börnin hlakka hvað mest til. Umræðan og tilhlökkunin er jafnvel meiri fyrir þennan dag en sjálf jólin. Allt árið er verið að hugsa um hvers konar búning eigi að prýðast, hvað verði í tunnunni, hvernig leikrit verði leikið þetta árið o.s.frv.. Að venju fórum við með rútu í Kaffi-Sel. Þar tók stjórn foreldrafélagsins á móti okkur.

Stjórnin (Eva, Bozena og Unnsteinn) lék fyrir okkur leikritið um hann Einar Áskel og tókst þeim vel til. Við dönsuðum af krafti og svo var kötturinn sleginn úr vel skreyttum tunnum (kössum), það kom reyndar enginn köttur úr kössunum heldur voru það blöðrur og prins póló sem vakti mikla lukku. Ásta og Halldór gáfu okkur svo dýrindis pizzur og þökkum við þeim kærlega fyrir höfðinglegar móttökur eins og alltaf. Þegar allir höfðu fengið nóg af pizzu- og prins pólóáti dönsuðum við þar til við fórum heim í leikskólann aftur. Við sendum þakkir til allra

þæm lögðu hönd á plóg og gerðu daginn skemmtilegan. 😊

Það var fleira sem bar til tíðinda á Öskudaginn, því Dagur leikskólans var einnig haldinn hátíðlegur, hann hefur verið ákveðinn 6. febrúar ár hvert, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Í tilkynningu frá kynningarnefnd Félags leikskólakennara kemur fram að markmiðið með þessum degi er m.a. að gera þegna þjóðfélagsins betur meðvitaða um þýðingu leikskóla fyrir börn og skapa jákvæða ímynd leikskólakennslu. Það var vel við hæfi að fagna þessum fyrsta Degi leikskólans á sjálfan Öskudaginn, sem er sannkallaður gleði- og ævintýra dagur. Minnum á heimasíðuna okkar: www.undraland.is

Börn og starfsfólk Undralands

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Hvolpur fæst gefins

Er með border collie blendings tík sem er 3 mánaða og hana vantar gott heimili. Hún er vön börnum og er ljúf og góð.
Upplýsingar fást í síma 486 6433/861 6433

Atvinna

Óska eftir framtíðarstarfi frá og með maí nk.
Ég hef unnið síðan ég var 12 ára við ýmis störf og þá sérstaklega afgreiðslustörf og ræstingar, en nánast allt kemur til greina.
Get útvegað meðmæli ef óskað er.
Ester Ágústa Smiðjustíg

Óska eftir tölvum,sem hætt er að nota, helst gefins,-
til að rífa og skoða.
Arnór Grímur sími: 486 6679 864 6957

TIL GAMANS

Pegar kveikt var á friðarsúlu í Viðey í október fór ég að sjá einhvers konar framtíðarþróun í hyllingum bæði út frá sjónarhóli Lennons og co og valdhafa hér og þar eða hinna ýmsu kerfa.

Ég bið ykkur að fylgja mér á þessu hugarflugi og biðst velvirðingar á því að sum orðin eru dálítið löng enda varð stór hluti af þessu til í Finnlandi. Þetta kemur hér í formi framtíðarfrétta:

Illviðráðanlegur friðarfaraldur herjar nú á fólk og breiðist hratt út með tilheyrandi hamingjuhamförum og mögnuðum kærleikshviðum.

Ástareldar hafa kviknað víða og loga skært. Nú verður reynt að lýsa áhrifum, einkennum og aukaverkunum.

Talsvert ber á bjartsýnisbrólti, fordómafælni stundum fordómafötlun með minnkandi þrætupreki. Sumir fá algera rifrildisröskun. Mikil virðingarvakning hefur farið í gang með auðmýktarákefð, sáttasælu, ánægjuóhófi og leiðindalömun. Borið hefur á bráðsmitandi vellíðunarvellu, þakklætisþráhyggju, tortryggnitregðu, innileikaamstri og heilmiklu væntumþykjuveseni. Þetta gengur næst þeim sem greinst hafa með vanvirkan húmor eða húmorshörgul og gleðistol. Þeir hafa fengið dapurleikadrep, biturleikabresti og gremjugliðnun. Hjá skaphita og ákafafólki hefur borið á bráðlætisbrenslun, skapofsaskerðingu, reiðirýrnun og streitustirðnun. Í sumum tilvikum hefur komið fram streitustopp eða reiðirof. Margir fá samúðarsyndrum, umhyggjuástríðu, vináttuvírus og hamingjuheilkenni af ýmsu tagi. Fyrirgefningarfíkn gerir vart við sig og frelsisfrasar og kærleikskomplexar verða til í hugum margra og víða hefur kærleikskukl farið í gang. Vart verður við fýlufirringu, þrjúskubreytu, lífsfyllingarleiftur og grámyglugrotnun. Mikið ber á grasrótargrósku og dæmi eru um að fólk sé með gleðigljýju í augunum allan daginn. Í stað alls konar vandamálavafsturs og ómögulegheitaöngstræta sem fólk festist oft í fyllist það af úrlausnareldmóði og uppgjöræði. Losað er um fortíðarfjötra og í stað tilfinningatötra koma tilfinningatöfrar með undirfögrum tilfinningatjásnum og dagdraumadjásnum. Fólk fyllist sjálfstjórnarstolti og í stað minnimáttarkenndar verður víða til meiriháttarmunstur. Víða heyrast óm af jafnvægisjarmi frá mannverum í einhvers konar slökunarlepju. Dómhörkudoði og ónotaofnæmi breiðist út og á mestu átakasvæðum heims hefur orðið alger úlfúðarupplausn. Þar sem faraldurinn hefur náð lengst hefur myndast áhyggjuauðn. Ráðamönnum þykir nóg um þá elskulegheitaofvirkni sem þessu fylgir og eru efins um sitt hlutverk. Þeir óttast öldrunarörðugleika með tilheyrandi kostnaði er fram líða stundir. Ég á von á að margir hafi séð sýnihorn af einhverju sem hér var tæpt á.

Give peace a change.

Takk fyrir

Guðlaugur Ellertsson, Hafnarfirði

DEILDARFUNDUR SLÁTURFÉLAGS SUÐURLANDS!

Hinn árlegi deildarfundur S.S. verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna að Flúðum fimmtudaginn 21. febrúar n.k. kl. 21.⁰⁰

Veislukaffi í boði félagsins. Hvet ég sem flesta til að sækja þennan fund og heyra hvað Steinþór forstjóri hefur að segja okkur frá rekstri félagsins og svara spurningum fundarfólks. Þá munu einn eða fleiri stjórnarmenn verða á staðnum.

Við stöndum nú frammi fyrir miklum breytingum, bæði í rekstrar og framleiðslumálum okkar búa, og því kjörið tækifæri að ræða þær á þessum fundi.

Vegna óvissu bænda útaf áburðarkaupum, vil ég benda á þrjá aðila, sem hafa tekið þessa umræðu fyrir á sínum heimaslóðum, þ.e. “Yara” hjá S.S., Búnaðarsamband Suðurlands, og “Búgarður ráðgjafaþjónusta.” Þarna má finna fróðlegan útreikning, sem við gætum e.t.v. fundið okkur farveg sem henta mundi hverju og einu búi, með tilliti til magns,-gæða og kostnaðar. Minnt verður á fundinn, sem er sameiginlegur með Gnúpverjum og Skeiðamönnum í sunnlensku blöðunum sem koma ú t á fundardaginn. Að lokum skal bent á að misritun varð í síðasta fréttabréfi S.S. á fundarstaðnum. Sjáumst þann 21. febrúar

Með kveðju,

Deildarstjóri Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Góugleði

Fimmtudaginn 28. febrúar verður haldin Góugleði á Hótel

Flúðum.Þríréttaður kvöldverður og góð skemmtiatriði.Veislustjóri verður Jóhannes Sigmundsson. Miðaverð er 3.300 krónur.

Húsið opnar kl.19:00 og borðhald bhefst kl.19:40.Miðapantanir þurfa að berast fyrir 25. febrúar til Lofts í síma 486 6715 og 863 7915 eða

Önnu í síma 486 6614. Ath. Allir 60 ára og eldri eru velkomnir.

Stjórnin

Fundur með stjórnarmönnum Landsambands eldri borgara.

Fimmtudaginn 6.mars mæta Helgi Hjálmsson formaður og Borgþór

Kjærnested á opinn fund í kjallara Heimalands.

Fundurinn hefst kl 20:00 og eru allir velkomnir

Stjórnin



Opnunartími Versl. Strax.

| | |
|------------------------|-------------|
| Mánudaga til föstudaga | 09:00-19:00 |
| Laugardaga | 10:00-19:00 |
| Sunnudaga | 10:00-17:00 |

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

**Óskum eftir að ráða fólk til starfa
í sumar.**

**Upplýsingar gefur Verslunarstjóri á
staðnum.**

Taktu þér tak með Herbalife.
Hringdu og fáðu frían prufupakka
Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife.
silja1@simnet.is / 892 6728




KAUPÞING

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. 480-4700.



“The coolest guy I have ever met” Ljósm Ásta Sif



Glaðbeittir krakkar taka á móti fótboltagjöf frá Málningu Ljósm. Sig Sigm